



Kópavogi, 30. desember 2025
2212624/102.16 VBG

Efni: Forvarnarsjóður 2025_Úthlutun

Verkefni 2025	Úthlutun
1. Molavirkni, Molinn – miðstöð unga fólksins	400.000
2. Fræðslukvöld fyrir foreldra leikskólabarna	500.000
3. Útgáfa bókarinnar Petra paprika og innrásin	300.000
4. Aukið læsi barna og ungmenna, félagsmiðstöðin Pegasus	400.000
Heildarúthlutun:	1.600.000 kr.

1. Molavirkni.

Verkefnið talar við áherslur Forvarnarsjóðs Kópavogs um forvarnir og heilsuefingu barna og ungmenna, eflingu geðheilsu, vellíðan, samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, og þátttöku í skipulögðu skóla- og frístundastarfi. Verkefnalýsing var greinargóð og gaf skýra mynd af mikilvægi verkefnisins. Markmið Molavirkni er að ná til barna og ungmenna á aldrinum 13-25 ára í Kópavogi, stuðla að félagslegri virkni og bættri líkamlegri og andlegri heilsu. Nauðsynlegt er að tryggja aðgengi að viðeigandi fatnaði og annan kostnað vegna skipulagðra viðburða, búnaðar og útivistarferða sem tengjast Molavirkni. Deildarstjóri frístundadeildar mun fylgja eftir með starfsfólki Molans að verkefnið verði útvíkkað með frekari áherslu á skipulagðar ferðir og viðburði tengt hreyfingu og útivist.

Lagt er til að verkefnið fái: 400.000 kr. í styrk.

2. Fræðslukvöld fyrir foreldra leikskólabarna

Verkefnið talar vel við áherslur Forvarnarsjóðs Kópavogs um skipulagt skóla- og frístundastarf, forvarnir, heilsuefingu barna og bættu lýðheilsu. Umsóknin er skýr



og greinagóð. Meginmarkmið verkefnisins er að skipuleggja fræðslukvöld fyrir foreldra barna í leikskólum Kópavogs. Boðið verður upp á opin fræðslukvöld sem miða að því að efla fræðslu til foreldra í forvarnarskyni og styðja við heilsueflingu barna með áherslu á aukna vellíðan og öryggi. Gert er ráð fyrir þremur fræðslukvöldum, þar af tveimur opnum staðbundnum fundum og einum fjarfundi.

Lagt er til að verkefnið fái: 500.000 í styrk.

3. Petra paprika og innrásin.

Verkefnið talar vel við áherslur Forvarnarsjóðs Kópavogs um bætta lýðheilsu barna og ungmenna sem og áætlun um læsi í skóla- og frístundastarfi. Verkefnalýsing er skýr og umsóknin vönduð. Bækurnar um Petru Papriku eru einstakar að því leyti að áherslan er lögð á að ná til barna og auka orðaforða þeirra við að lesa bókina sem er ævintýri sem einkennist af húmor og fróðleik um næringu og ónæmiskerfið. Markmið bókarinnar er að auka næringarlæsi barna og ýta undir samskipti barna og foreldra um mikilvægi heilsusamlegrar næringar. Gert er ráð fyrir því að kaupa 60 eintök af bókinni til notkunar í skóla- og frístundastarfi. Að auki er stefnt að því að tengja verkefnið við Bókavog. Bókavogur er nýtt læsisverkefni sem styður við áætlun um læsi í skóla- og frístundastarfi. Markmiðið er að efla lestraráhuga barna og ungmenna, hvetja til ritunar og skapa jákvæða lestrarmenningu. Verkefnið byggir á samstarfi leikskóla, grunnskóla, frístundaþjónustu, bókasafns og tengir saman skólastig og stofnanir með fjölbreyttum viðburðum og dagskrá.

Lagt er til að verkefnið fái: 300.000 kr. í styrk.

4. Aukið læsi barna og ungmenna.

Verkefnalýsing var skýr og umsóknin greinagóð. Verkefnið talar vel við áherslur Forvarnarsjóðs Kópavogs, meðal annars áætlunar um læsi í skóla- og frístundastarfi. Markmið verkefnisins er að auka læsi barna og ungmenna sem sækja í tölvur og tala ensku sín á milli. Á sama tíma og náð er til þessara barna og ungmenna er auðvelt að ná til annarra barna í leiðinni í gegnum bækur sem höfða til breiðs hóps. Með því að búa til lítið bókasafn í félagsmiðstöðinni með greiðu aðgengi að bókum sem höfða til ólíkra hópa einstaklinga má efla lestur og læsi á breiðum grunni, mikilvægt er að börn og ungmenni hafi aðgang að áhugaverðu lestrarefni á fjölbreyttum stöðum innan stofnana menntasviðs. Gert er ráð fyrir því að vera með lítið bókasafn í tveimur félagmiðstöðvum, deila bókum á milli



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

annarra félagsmiðstöðva. Einnig verður aðgengi að bókum í Molanum, miðstöð unga fólksins. Verkefnið verður hluti af læsisverkefninu Bókavogur.

Lagt er til að verkefnið fái: 400.000 kr. í styrk.

Virðingarfyllst,

Victor Berg Guðmundsson
Deildastjóri frístundadeildar

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026